

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

SEPTEMBER 2014



9. tbl. 17. árg.



**S. 581 15 15**

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



**OPIÐ**

ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi



**Slökkvitækjaþjónustan**

☎ **564 1433**

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 8 og 12  
**Fegrunarviðurkenningar**

---

- bls. 10  
**Reykjavíkurakademían  
yfirgefur JL-húsið**

---

- bls. 15  
**Íþróttir**



Myndin er tekin af horni Fálkagötu og Suðurgötu og sér til norðurs að háskólasvæðinu. Á þessu svæði er gert ráð fyrir að byggja undirgöng undir Suðurgötuna sem myndu ekki einungis tengja háskólasvæðið saman sem heild heldur einnig Vesturbæinn við Vatnsmýrina og auðvelda gangandi og hjólandi umferð til muna.

## Undirgöng undir Suðurgötu

Í framtíðarskipulagi háskólasvæðisins og uppbyggingu þess er m.a. gert ráð fyrir að gerð verði undirgöng undir Suðurgötu sem tengi byggðirnar austan og vestan götunnar saman. „Við erum að horfa til þess að sá hluti háskólasvæðisins sem er vestan Suðurgötu verði tengdur austursvæðinu með undirgöngum undir hana,“ segir Ingjaldur Hannibalsson prófessor og formaður skipulagsnefndar Háskóla Íslands í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Ingjaldur ræðir um skipulag háskólasvæðisins og framtíðaruppbyggingu í ljósi þess að gert hefur verið samkomulag á milli Háskólans og Reykjavíkurborgar um landnot hans til framtíðar. Um er að ræða 400 þúsund fermetra landssvæði í Vesturbænum og Vatnsmýrinni í Reykjavík. Samningurinn markar tímamót í samskiptum borgarinnar og Háskólans

og leggur grunn að framtíðarstarfsemi hans. Með samningnum færast Vatnsverndarsvæði í Vatnsmýri á ný til borgarinnar og staðfest er vilyrði til háskólans um uppbyggingu á Fluggarðasvæðinu. Eftir var til hugmyndasamkeppni um skipulag háskólasvæðisins og voru úrslit hennar kynnt á Háskólatorginu fyrir nokkru. Sex tillögur bárust og voru tvær tillögur valdar og skipta þær með sér 2. og 3. verðlaunum en þátttaka í samkeppninni var mun minni en vonir aðstandenda stóðu til. Tillögurnar sem hlutu verðlaunin þóttu hvorug gera áherslum dómnefndar fullnægjandi skil og því lenti hvorug þeirra í fyrsta sæti. Margt athyglisvert er þó að finna í báðum þeirra – ekki síst um framtíðarbyggð á háskólasvæðinu og í nágrenni þess. Tillögurnar má finna á vefslóðunum <http://reykjavik.is/sites/default/files/10199.pdf> og <http://reykjavik.is/sites/default/files/12388.pdf>.



**PANTAÐU Á  
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



**Glæsilegur heimilismatur  
alla daga frá 10.30 til 20.00  
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI**

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN  
[www.fljottoggott.is](http://www.fljottoggott.is)



Ægisíða 121  
Sími 551 1717

Opið alla virka daga  
frá kl. 10 – 17.30.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

# Nýtt í Melabúðinni!



Hagamel 39 - Sími 551-0224

Ferskt sushi að eigin vali  
alla föstudaga frá kl. 16-20  
Sushi meistari frá  
á staðnum





# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.  
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172  
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904  
Netfang: thordingimars@gmail.com  
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298  
Heimasíða: borgarblod.is  
Netfang: borgarblod@simnet.is  
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson  
Umbrot: Valur Kristjánsson  
Prentun: Landsprent ehf.  
Dreifing: Morgunblaðið  
9. tbl. 17. árgangur  
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

## Háskólinn og Vesturbærinn

Allt frá því að aðalbygging Háskóla Íslands var reist af grunni hefur hann verið hluti af Vesturbænum. Í fyrstu starfaði hann aðeins í einni byggingu en eftir því sem kennslu- og vísindastarfsemi hefur aukist hefur byggingum verið bætt við og háskólasvæðið stækkað. Lengi var lögð áhersla á að byggja á jöðrum á milli opinna svæða en á síðari árum hafa áherslur breyst, byggðin verið þétt og einingar hennar og starfsemi tengd betur saman. Þrátt fyrir það hefur aldrei verið gengið endanlega frá skipulagningu háskólabbyggðarinnar.

Samkomulag hefur nú verið gert á milli Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar sem tekur af öll tvímæli í um mörk eignalóðar Háskólans og einnig lóða á háskólasvæðinu sem falla undir lóðaleigu. Samningurinn markar tímamót samskiptum Háskólans og borgarinnar og leggur sterkan grunn að framtíðarstarfsemi hans í Vesturbænum og í Vatnsmýrinni. Með samningnum er einnig staðfest vilyrði til háskólans um uppbyggingu á Fluggarðasvæðinu og vísindagarðareiturinn nýtur sérstöðu að því leyti að þar er háskólanum heimilt að framselja lóðarréttindi til eflingar vísinda- og atvinnustarfsemi.

Háskólasamfélagið hefur löngum sett svip á Vesturbæinn. Eftir því sem það hefur eflst og byggð þess dreifst um stærra svæði hafa áhrif þess aukist. Með hinu nýgerða samkomulagi er ljóst að áhrifin eiga enn eftir að aukast, breiðast út og ná til fleiri og fleiri einstaklinga og hópa. Í störfum Háskóla Íslands og háskólasamféluginu sem slíku liggja miklir möguleikar fyrir Vesturbæinn sem byggðahverfi. Á undanförnum árum hefur fjöldi námsmannaíbúða risið og með nýja samkomulaginu er gert ráð fyrir enn meiri fjölgun. Það mun kalla á meiri þjónustu og eykur fjölbreytni mannlífsins til muna.

Háskólasvæðið tengir Vesturbæinn, Miðborgina og Vatnsmýrina. Með áframhaldandi uppbyggingu mun það skapa meiri heild en hingað til. Það mun auðga mannlíf og menningu þessa borgarhluta – styrkja hann og fegra. Fagna ber að þessi framtíðarsýn er að skapast.

# S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

### Auglýst eftir umsókn-um um styrki



Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2015. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagsamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnu-mörkun, áherslur og forgangs-röðun borgaryfirvalda. Styrkirnir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinnna málaflokka: félags- og velferðarmála, skóla- og frístunda-mála, íþrótt- og æskulýðsmála, mannréttindamála og menningar-mála. Á [www.reykjavik.is/styrkir](http://www.reykjavik.is/styrkir) er hægt að sækja um og finna leiðbeiningar um umsóknarferli. Einnig er þar að finna reglur um styrkveitingar og nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum. Umsóknar-frestur er til 1. október nk. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í ársbyrjun 2015.

### Bætt aðgengi að sorphátum



Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hvetur íbúa Reykjavíkur til samvinnu við Reykjavíkurborg um að bæta aðgengi starfsfólks sem sinnir tæmingu úrgangsiláta við heimili í borginni en nokkuð hefur borið á erfiðleikum sorphreinsunarfólks við að komast að geymsluhlátum. Bætt aðgengi starfsfólks Sorphirðu Reykjavíkur vegna losunar úrgangsiláta borgarbúa var til umræðu í umhverfis- og skipulagsráði á dögunum og tilefnið hennar var ný úttekt sem gerð hefur verið um aðgengið. Þar kemur fram að aðgengi að tunnum og kerum sé víða slæmt í borginni.

### Oslóartréð kemur áfram

Fabian Stang borgarstjóri í Osló hefur staðfest í bréfi til Dags

B. Eggertssonar borgarstjóra í Reykjavík að Osló muni áfram senda Reykjavíkurborg jólatré að gjöf. Í bréfinu er einnig upplýst að skipafélagið, sem hefur flutt tréð á milli landanna borgunum að kostnaðarlausu, muni gera það áfram. Nokkur umræða varð um Oslóartréð í vetur sem leið en borgarstjórn Osló tók þá ákvörðun um að hætta við að gefa Reykjavíkurborg jólatré. Ákvörðunin vakti mikla athygli í Noregi og á Íslandi og fjölluðu norskir miðlar talsvert um málið. Reykjavíkurborg hefur ávallt haldið upp á þennan dag og hafa norsk-íslensk börn aðstoðað borgarstjóra við að kveikja ljósin á trénu. Þá hafa fulltrúar Oslóborgar eða sendiherra Noregs á Íslandi haldið ávörp við athöfnina til að heiðra samvinnu og vináttu Oslóar og Noregs við Reykjavík og Íslendinga.

### Kvartað yfir velferðarsviði

Kvartað hefur verið yfir að á velferðarsviði Reykjavíkurborgar sé áhersla lögð á fjárhagslegar hindranir og notendur þjónustu velferðarsviðs hafi oftast en ekki heyrt þau rök að Reykjavíkurborg hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að veita þá þjónustu sem óskað er eftir. Einnig að mikil innri átök eigi sér stað á vinnustaðnum. Talsverður samskipta- og stjórndavandi sé til staðar sem hafi áhrif á þá þjónustu sem veitt væri á sviðinu. Þetta kemur m.a. fram í áfangaskýrslu Inga B. Poulsen umboðsmanns borgarbúa sem kynnt hefur verið á fundi borgarstjórnar. Embætti umboðsmanns borgarbúa var komið á laggirnar sem tilraunaverkefni í byrjun maí 2013 og nær skýrslan til 1. september á þessu ári. Á tímabilinu komu 423 mál til kasta embættisins, flest þeirra tengdust velferðarsviði borgarinnar eða Umboðsmaður segir í skýrslunni að borgarbúar telji sig upplifa litla virðingu fyrir málaflokknum og tortryggni í garð fólks sem nýtir sér þjónustu velferðarsviðsins. Þá segir í skýrslu umboðsmanns að fram hafi komið ábendingar um stjórnskipuleg vandamál á velferðarsviði sem stafi af of mikilli miðstýringu. Það hafi leitt af sér óskýr skil milli ábyrgðarhlutverka, óskýrari boðleiðir og takmarkað upplýsingaflæði milli stiga.

### Brugðist verður við kvörtunum

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði í viðtali á Stöð 2 eftir að umrædd skýrsla um velferðarsvið Reykjavíkurborgar kom út að embætti umboðsmanns borgarbúa hafi m.a. verið komið á fót

til þess að athuga hvað betur mætti fara í þjónustu borgarinnar. Ábendingar og athugasemdir sem þar koma fram hafi verið teknar til athugunar verði skoðaðar. Stefán Eiríksson nýráðinn sviðsstjóri velferðarsviðs segir skýrsluna gefa tækifæri til þess að gera þjónustna betri en hún er og að ábendingarnar verði teknar alvarlega og unnið að þeim með uppbyggilegum hætti

### Nýr hjólastígur opnaður

Nýr hjólastígur var opnaður nýverið og markaði þessi einfalda athöfn upphaf árvissrar samgönguviku í Reykjavík en markmið hennar er að hvetja fólk til umhugsunar um eigin ferðavenjur og virkja það til að nota. Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs opnaði stíginn og kom að sjálfssöggðu hjólandi með skærin að vopni og klippti á borðann.

### Sef við Tjarnarbakkann

Koma á fyrir sefi við bakka Reykjavíkurtjarnar því samþykkt hefur verið efsta hugmynd júlímánaðar úr flokknum framkvæmdir en hún er “sef á bakka Tjarnarinnar til verndar andarungum”. Hugmyndin var tekin af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 5. ágúst sl. ásamt samantekt af umræðum og rökum.

### Viðbygging við Arnargötu

Vísað hefur verið til borgarráðs umsókn Einars Kristins Hjaltsted varðandi breytingu á deiliskipulagi Fálkagöturéits vegna lóðarinnar nr. 10 við Arnargötu. Í breytingunni felst að byggja við húsíð og að nýta þak viðbyggingar sem þaksvalir. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggja megi yfir svalir á norðausturhlíð. Tillagan var auglýst frá 21. júlí til og með 1. september 2014. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Gunnlaugur Ingvarsson og Guðrún Edda Andradóttir og íbúar og eigendur að Fálkagötu 23a. Einnig eru lagðir fram tölvupóstar Sölva Óskarssonar og Oddnýjar J. Eyjólfsdóttur, Önnu Láru Emilsdóttur, Tómasar Gíslasonar og aðra íbúa Arnargötu 8 og Óskars Sölvasonar og Katrínar S. Stefánsdóttur þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við tillögu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. september 2014.



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**  
Bíla- og bátarafmagn  
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

## JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.

Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

## Vesturbæingar



Spurnig hvort maður ætti að skrá sig í háskólanám?





PIPA.TVIVA • SÍA • 1.43056



GAMLA APÓTEKIÐ

Melhaga



# Sterkur byggðakjarni í Vesturbænum

Allt frá árinu 1930 að framtíðarsetur Háskóla Íslands var ákveðið og núverandi aðalbygging hans reis af grunnni við Sæmundargötu í austurhluta Vesturbæjarins hafa lóðamál hans verið til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg. Lóðaúthlutanir hafa verið samþykkar fyrir Háskólann og tengdar stofnanir eftir því sem starfsemi hans hefur vaxið þótt nokkur munir sé á í gegnum tíðina hversu formlega hefur verið gengið frá úthlutunum lóða. Háskólasvæðið er löngu orðið fast í sessi en með hinum nýja heildarsamningi um lóðir sem unnin hefur verið af vinnuhóp Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis er afmörkun landspildna og lóðamörk skýrð og einnig nýting lóða.

Ingjaldur Hannibalsson prófessor og formaður skipulagsnefndar Háskóla Íslands sem unnið hefur að þessu verkefni fyrir hönd skólans segir að lóðamálin hafi mikla þýðingu fyrir stofnunina og allt umhverfi hennar - þar á meðal fyrir Vesturbæinn. „Ef við lítum aðeins til baka til þess tíma að Alþingi samþykkti að Háskóli Íslands fengi að reka peningahappdrætti til að fjármagna byggingar var það háð því að borgaryfirvöld létu Háskólanum í té lóð sunnan Hringbrautar og austan Suðurgötu. Samþykkt var að Háskólinn fengi til eignar lóð frá Hringbraut og Suðurgötu að Sturlugötu og Sæmundargötu. Þetta gekk eftir 1936 að öðru leyti en því að formlegt afsal var aldrei gefið fyrir lóðinni. Þegar gera þurfti eignaskiptasamning vegna Háskólatorgsins fyrir nokkrum árum reyndist engin formlegur eigandi að lóðinni þar sem afsalið hafði aldrei orðið til. Því var farið fram á það við borgina að fá afsalið. Þetta leiddi til þess að nokkru síðar var ákveðið að fara yfir öll lóðamál Háskólans sem lauk með samkomulagi um að upprunalega háskólalóðin yrði eignarlóð en síðan yrði þætt við lóðasvæði austan við Öskju í skiptum fyrir lóð við Laugaveg auk vilyrðis fyrir því að þegar starfsemi fluggarðanna færi fengi Háskólinn þar aukioð svæði til umráða.“

## Horft til þéttingar byggðar

Ingjaldur segir að því miður hafi lengi verið stefna Háskólans að byggja meira á jöðrum lóðarinnar og að hafa opin svæði á milli. Þetta sé í raun í samræmi

við skipulag Reykjavíkurborgar fram að þessu. „Það er svo stutt síðan Íslendingar komu úr sveitunum að þeir vildu hafa tún á milli bygginga og byggða. En þetta er að breytast og borgaralegur hugsunarháttur hefur rutt sér til rúms í skipulagsmálum. Nú er stefna Háskólans að þetta byggðina á háskólareitnum og tengja byggingar saman. Fyrsti vísir að því er bygging háskólatorgsins sem tengir byggingarnar Gimli, Odda og Lögberg saman þannig að innangengt er á milli þessara húsa.

## Vísindastarfsemi á austursvæðinu

Ingjaldur segir að lengi hafi verið unnið að því að hefja byggingu vísindagarða í nágrenni við Norræna húsið og Öskju og með þessu samkomulagi séu lóðamál in staðfest. „Þegar er hafin vinna við fyrstu bygginguna og við vonumst til að uppbyggingin þar geti gengið fljótt og vel fyrir sig. Með samkomulaginu sem nú hefur verið gert við Reykjavíkurborg vitum við að það svæði mun koma til með að stækka til austurs þegar fluggarðarnir fara.“ Ingjaldur segir að austursvæðið gefi Háskólanum mikla möguleika til þess að byggja upp áframhaldandi vísindastarfsemi einkum á sviði raunvísinda og tæknigreina. „Við höfum alla möguleika til að byggja upp hátækni á Íslandi. Í því efni eru við að horfa langt fram í tímann – jafnvel til margra áratuga. Uppbyggingin á þessu svæði verður með nokkuð öðrum hætti en annarra háskólabygginga sem hafa verið byggðar fyrir happdrættisfé. Þetta verður byggð fyrir fé þaðan að hluta en gert er ráð fyrir að fyrirtæki komi einnig að framkvæmdum og verður þeirra hlutur stærri. Hugmyndin er að þarna verði einkum komið fyrir aðstöðu fyrir lífvísindi einkum sem tengjast lyfjaþróun og matvælum en einnig vísindastarfsemi sem tengist orku og orkuöflun,“ segir Ingjaldur.

## Um 400 námsmanna-íbúðir

Í tveimur tillögum sem verðlaunaðar voru nýlega fyrir hugmyndir að uppbyggingu háskólasvæðisins er gert ráð fyrir þéttingu byggðar beggja vegna Suðurgötunnar. Ingjaldur segir umtalsverða möguleika vera til þéttingar. Eitt af því sem áætlað er í þeim efnunum er fjölgun námsmannaíbúða en í samkomulaginu er að finna skilmála um 400 nýjar íbúðir af þeirri gerð auk þess sem



Frá undirritun samkomulagsins um 400 þúsund fermetrana. Á myndinni má m.a. sjá þau Kristínu Ingólfssdóttur og Dag B. Eggertsson borgarstjóra.



Breyttir tíma. Á þessari mynd má sjá aðalbyggingu Háskóla Íslands áður en aðrar byggingar risu á Háskólasvæðinu. Sjá má braggahverfi til suðurs þar sem hús háskólakennara risu síðar. Myndin er tekin um miðbik síðustu aldar.

ætlanin er að byggja við Gamla garð. „Ég tel alveg ljóst að Félagsstofnun stúdenta gæti auðveldlega leigt þessar íbúðir.“

## Göng undir Suðurgötu

Ingjaldur bendir á hugmyndir um áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu vestan Suðurgötu. „Næst er ætlunin að byggja við hliðina á gömlu loftskýtastöðinni og mun sú bygging tengjast háskólatorginu um undirgöng undir Suðurgötu. Þá vonumst við einnig eftir því að hafist verði handa við byggingu Húss íslenskra fræða norðar við vestanverða Suðurgötu en eins og kunnugt er var framkvæmdum við það frestað í kjölfars hrunsins 2008. Háskóli Íslands mun leggja til þriðjung af byggingafé þess húss en ríkis-sjóður tvo þriðju. Með tilkomu

þess verður hægt að gera íslenskum bókmennta- og þjóðarfi herra undir höfði og hafa handritin til sýnis. Þá er gert ráð fyrir að byggt verði á milli Hótel sögu og aðalbyggingar háskólans og með þeirri byggingu myndist tenging á milli Húss íslenskra fræða og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og þar með innanhússtengin alla leið út að Þjóðarbókhöllu. Við erum að horfa til þess að sá hluti háskólasvæðisins sem er vestan Suðurgötu verði tengdur austursvæðinu með undirgöngum undir hana. Með því myndi svæði mynda eina heild og undirgöngin þjóna öllu Vesturbæjarsvæðinu.“

## Sterkur byggðakjarni í Vesturbænum

Háskólasvæðið og sú starfsemi sem þar fer fram er einn mikil-



Ingjaldur Hannibalsson prófessor og formaður skipulagsnefndar Háskóla Íslands.

vægasti hluti Vesturbæjarins en einnig miðborgar Reykjavíkur. Með þessum samningi opnast leiðir fyrir Háskóla Íslands til þess að sameina nær alla starfsemi sína á þessu svæði utan starfsemi heilbrigðissviðs sem verður á lóð Landsspítalans Háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Með hugmyndum um stækkun háskólasvæðisins til austurs skapast ekki eingöngu nýir mörguleikar fyrir framtíðaruppbyggingu hans sem vísinda- og kennslustofnunar heldur og einnig þess hlutverks sem hann hefur í byggðalegum skilningi að tengja saman byggðarlögin þrjú – Vesturbæinn, Miðborgina og Vatnsmýrarsvæðið. En hvaða þýðingu telur Ingjaldur að þetta hafi fyrir byggðina í kring og bæjarhlutann sem slíkan. „Ég tel þetta hafa mikla þýðingu fyrir Vesturbæinn. Háskólasvæðið mun mynda ákveðna miðju sem verður borin uppi af nokkrum glæsilegum byggingum og söfnum auk hinnar hefðbundnu háskólastarfsemi. Stór bókabúð er á svæðinu og veitingahúsið Háma á háskólatorginu. Þegar framtíðaráformin komast smá saman til nota mun þá einnig auka möguleika til verslunar- og þjónustustarfsemi á háskólasvæðinu þar sem margt fólk starfar að staðaldri og á leið um. Ég sé fyrir mér að háskólasvæðið með þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru eigi eftir að skapa ákveðna miðbæjarstemningu í austanverðum Vesturbænum sem mun tengjast gamla miðbænum í Kvosinni með ýmsum hætti. Ég get líka bent á að háskólasvæðið tengist öðrum borgarhlutum vel með almenningsamgöngum. Nú stöðva sex strætisvagnaleiði við háskólann sem nýtist bæði háskólasamfélagin og íbúum Vesturbæjarins ágætlega. Með fyrirhuguðum breytingum, byggingum og vexti háskólasvæðisins verður til mjög sterkur byggjakjarni í Vesturbænum.“

## SÆLKERASEÐILL

Hefst með glasi af Codorníu Cava

- Serrano með Fava baunasalati
- Kolkrabbi með kartöflumús og lime-pistasíu vinaigrette
- Gellur og kræklinur í Basquesósu með sveppum og steiktum kartöflum
- Saltfiskur með piquillo papriku alioli
- Hægelduð nautakinn með rauðvínsgljáa

Og í eftirrétt

- Geitaostakaka með quince hlaupi og karmellusósu

6.990 KR.

## BASKAVIKA

23.–30. september

Komdu og smakkaðu 6 rétta sælkeraseðil um Baskaland, settan saman af gestakokkinum Sergio Rodriguez Fernandez.

BRAGÐAÐU Á BASKALANDI



Campo Viejo



**Tapas**  
RESTAURANT - BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | [www.tapas.is](http://www.tapas.is)



# Skólaeldhús og húsaleiga á meðal umræðuefna

Sundlaug, skólaeldhús, opinn íbúafundur, sparkvöllur og leiguhúsnæði ásamt fleiru voru rædd í hverfisráði Vesturbæjar á mánaðarlegum fundi á dögunum. Viðstaddir voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Margrét Marteinsdóttir, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, Hulda Gísladóttir og Reynir Guðmundsson. Viðstödd voru einnig: Sigprúður Erla Arnadóttir framkvæmdarstjóri í Vesturgarði og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði. Gestur fundarins var Haflíði Halldórsson forstöðumaður í Sundlaug Vesturbæjar.

Haflíði fór yfir breytingar sem hafa átt sér stað í Sundlaug Vesturbæjar í sumar. Aðsókn að lauginni hefur aukist töluvert á milli ára og talið er að mikil fjölgun erlendra gesta megi tengja við ýmsa viðburði sem hafa verið á árinu í borginni. Tekjur hafa aukist töluvert og þurft að bæta við starfsmanni þar sem laugarsvæðið hefur stækkað. Rætt var um vatnsrennibraut sem Haflíði sagði að væri hægt að koma fyrir og var hann áhugasamur að skoða hvað væri í boði hvað það varðar. Ráðið þakkaði fyrir greinargóða umfjöllun um umbætur sem orðið hafa á Vesturbæjarlauginni. Ljóst er að nýframkvæmdir svo sem nýr heitur pottur hafa haft jákvæð áhrif á aðsókn að lauginni.

## Áhyggjur af Hagaskólaeldhúsi

Lagt var til að Hverfisráðið standi fyrir almennum opnum fundi um málefni hverfisins líkt og gert hefur verið áður. Með því megi slá tóninn og reifa hugmyndir að verkefnum fyrir hverfið að takast á við næstu árin. Formanni var falið að undirbúa fund í samráði við Hverfisráðið í október eða nóvember. Sverrir Bollason

fór yfir stöðu skólaeldhúss í Hagaskóla en það annar ekki þörf um þess fjölda sem óskar eftir að kaupa mat og lýsti ráðir yfir áhyggjum af því hvernig komið er fyrir aðstöðu til eldunar skólamáltíða í Hagaskóla. Hverfisráðið hefur óskað eftir að verða upplýst um gang mála í framkvæmdum og bráðabirgðaúrlausnum.

## Dýrt að leigja

Teitur Atlason ræddi um leigumarkað í Vesturbæ og hversu dýrt væri að leigja húsnæði í hverfinu. Hverfisráð Vesturbæjar hyggst ræða leigumarkaðinn í hverfinu á næsta fundi sínum en nokkuð hefur verið rætt um stöðu Gamma í því ljósi. Rætt um að fá fulltrúa félagsins á fund Hverfisráðs í næsta mánuði. Fulltrúa Félagsbústaða og Félagsstofnunar Stúdenta jafnframt boðið að

taka þátt í umræðum. Rætt var um að sparkvöllur sem settur var upp við Melaskóla á liðnu sumri sé ekki vel nothæfur í kennslu og leik. Því er beint til Umhverfis- og skipulagssviðs að úr þessum galla á framkvæmdinni verði bætt sem allra fyrst.

## Fundar einu sinni í mánuði

Hverfisráð Vesturbæjar fundar einu sinni í mánuði í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar að Hjarðarhaga 45 til 47 og eru fundirnir annan fimmtudag í mánuði og hefjast kl. 12.00. Þetta eru opnir fundir og því er upplagt fyrir íbúa Vesturbæjar að koma og hlusta á hvað ráðið er að fjalla um hverju sinni. Næsti fundur verður 9. október kl. 12.00.



Kaffibollinn á Kaffitorgi í Nes Kirkju býr yfir mörgum kaffitegundum. Mynd: Örn Bárður Jónsson.

Hringbraut 119  
Sími: 562 9292



# Hrein lífræn næring

## -sem gefur hreysti, orku og einbeitingu

## Nýtt frá Lifestream

Meira en 40 næringarík lífræn fæðuefni og jurtir.

Valinn bragðbesti græni drykkurinn.



## Þekkt vörumerki, margverðlaunuð og viðurkennd

Eingöngu náttúruleg hrein bætiefni. Lífrænar húðvörur. Hjúkrunarvörur og græn sáralækning.

## Opnir fundir með lögreglunni

Lögreglan í Reykjavík ætlar að halda opna fundi með íbúum Vesturbæjar síðasta föstudag í hverjum mánuði. Fundirnir verða haldnir í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar-Vesturgarði við Hjarðarhaga 45 til 47.

Næsti fundur lögreglunnar með Vesturbæingum verður því föstudaginn 26. september og hefst kl.10.00 og stendur til kl.11.00. Ef einhver mál brenna sérstaklega á fólki og það vill ræða við lögregluna eina og sér er um að gera að hafa samband við Þjónustumiðstöðina í síma 411-1700 og panta tíma. Fundirnir verða síðan haldnir reglulega fram að vori 2015. Dagarnir verða sem hér segir: 31. október, 28. nóvember, 30. janúar, 27. febrúar, 27. mars og 24. apríl.







# Kaffitorg í Neskirkju 10 ára

Kaffitorg í Neskirkju er 10 ára. Þann 12. september s.l. voru liðin 10 ár frá opnum hins nýja safnaðarheimilis Neskirkju. Þar er rekið kaffihús og netkaffi á svonefndu Kaffitorgi. Þúsundir sækja húsið í hverjum mánuði og þar er hægt að fá dýrindis kaffidrykki eins og cappuccino, espresso, machiato, café latte og fleiri. Svo er einnig hægt að kaupa ljúffengt te og nýbakað meðlæti. Súpa og brauð er á boðtölum í hádeginu alla virka daga gegn vægu verði og þykja súpunar hennar Ólafíu Björnsdóttur, matráðs, algjört lostæti.



## „Að þið skulið vera að þessu“

Hátíðardagskrá og sýning tileinkuð fjörutíu ára rithöfundarafmæli Guðrúnar Helgadóttur

Sunnudaginn 5. október kl. 15  
Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15

- Ari Eldjárn, Katrín Jakobsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir segja frá.
- Guðni Franzson og Egill Ólafsson flytja atriði úr tónverki Guðna sem samið er við Ástarsögu úr fjöllumum.
- Hildur Knútsdóttir ræðir við Guðrúnu.
- Sýning opnuð tileinkuð höfundaverki Guðrúnar.

Verið velkomin!



**BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR**

Aðalsafn, Tryggvagötu 15  
s. 411 6100, borgarbokasafn@borgarbokasafn.is  
Afgreiðslutími:  
Mán-fim 10-19. Fös 11-18. Lau og sun 13-17

www.borgarbokasafn.is  
www.bokmenntir.is - www.bokvit.tumblr.com - www.artotek.is

# Enn um Héðinsreit

Ég þakka fyrir greinargóða umfjöllun um Héðinsreit í síðasta tbl. Ég held mig við austurhluta hans, svæðið milli Seljavegar og lóðanna við Bakkastíg. Þetta bílastæði hefur verið alveg umhirðulaust síðan Héðinn fór af svæðinu (og að mestu áður), hvorki verið hirt um yfirborðið, merkingar né snjómokstur. En þörfin fyrir bílastæði leynir sér ekki, enda mikil starfsemi í Héðinshúsi af því tagi þar sem fólk úr ýmsum bæjarhlutum kemur og fer. Á löngum tímum dags er þarna yfirfullt af bílum. Gott væri ef allir kæmu með almenningarfartækjum, gangandi eða á hjóli, en þannig er nú ekki veruleikinn, og einhvers staðar verða vondir (bílarnir) að vera.

Á nýjasta skipulagi, sem kynnt var fyrir nokkrum mánuðum er gert ráð fyrir að byggt verði á reitnum. Þarna verði nokkur lág hús við Seljaveg og Mýrargötu, en örlitill grænn reitur og stígur að baki þeirra. Mér finnst ólíklegt að mörgum þyki fýsilegt að reisa einbýlishús andspænis 6 og 7 hæða háum stórhýsum (Héðinshúsi og Mýrargötu 26) sem þeim bjóðist að mæna upp til ef þeir vilja sjá í heiðan himin. En hvað er til ráða? Til skamrar og skap-



Vésteinn Ólason.

raunar er að hafa reitinn lengur eins og hann er.

Ég horfi út á þennan reit daglega og ekkert fyndist mér æskilegra en fá þarna grænt svæði með grasi, runnum og bekkjum. Eiginlega ætti nágreinnið það inni hjá skipulagsyfirvöldum eftir þá útreið sem hverfið hefur fengið með blokkinni á Vesturgötu 50-52, Héðinshúsinu og nú Mýrargötu 26. Næstbesti kosturinn

væri að hafa þarna áfram bíla- (og reiðhjóla-) stæði en ganga sómasamlega frá því með runnum og blómabeðum í afmörkuðum reitum milli stæðanna og góðu skipulagi, svo sem eins og á svæðinu milli Þjóðarbókhöfðu og Hótel Sögu. Ef það er í verkahring lóðareigandans, sem hingað til hefur skammarlega vanrækt þessa eign sína, væri hægt að ná inn kostnaði í samvinnu við bílastæðasjóð.

Ég óttast að hugmyndirnar um byggð þarna muni þýða að þetta draslist áfram eins og það er um margra ára bil og heiti á þá sem völdin hafa og segjast vilja betri borg að láta nú til sín taka.

Vésteinn Ólason

P.s. Á horninu á Seljavegi og Nýlendugötu er grænn reitur sem var sleginn svo sem 3svar á sumri fyrir hrún. Frá 2010 hefur hann verið sleginn í mesta lagi einu sinni og í sumar aldrei og er kominn í hörmulega órækt. Ég heyrði í útvarpi borgarstjóra hæl-ast um yfir auknum afköstum við slátt, en einhver í kerfinu hefur gleymt þessum reit, og hringing dugði ekki.

REYKJAVÍKURBORG



## Er leiðin greið?

Sýnum samborgurum okkar tillitssemi og tryggjum greiðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir. Hugum að trjágróðri sem vex út fyrir lóðarmörk yfir gangstéttir og stíga.

Umferðarmerki eiga að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Gæta þarf að lágmarkshæð trjágróðurs þar sem vélsópar, snjóruðningstæki og sorphirðubílar þurfa að fara um.

Hugsum út fyrir garðinn svo leiðin sé greið allt árið!







# FERÐALÖG OG GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR

## LAS PALMAS - KANARÍ



VERÐD/EMI  
Brottför: 28. okt. - 18. nóv.  
21 nótt

★★ GREEN PARK APARTAMENTOS

**154.900 KR**

m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu  
svefnherbergi án fæðis.

## TENERIFE 75 ÁRA AFMÆLISFERÐ KJARTANS TRAUSTA



VERÐD/EMI  
Dags: 22. okt.-10. nóv. - 19 nætur  
Dags: 30. okt. - 19. nóv. - 20 nætur

★★★★ HOTEL GALA

**249.900 KR**

m.v. 2 fullorðna í tvíþýli með hálfu fæði  
í 19 nætur.

Úrvalsfólk fjölgar stöðugt og er fjöldi ferðafélaga yfir 10 þúsund. Í ferð með Úrvalsfólki er hópurinn samstæður og þú nýtur samvista við jafnaldra, vini og kunningja. Skemmtanastjóri er með í ferðum og skipurleggur fjölbreytta dægradvöl, t.d. leikfimi, spilavist og skemmtikvöld. Farið er saman út að borða, í dans og danskennslu, golf og minigolf ásamt fjölmörgum öðrum skemmtilegum upptækum. Að ógleymdum frábærum skoðunarferðum í fylgd reyndra fararstjóra.



**Fararstjórar:** Kjartan Trausti og  
Svandís Guðmundsdóttir

**Kynntu þér Úrvalsfólk á uu.is**

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.  
Sími 585 4000 [www.uu.is](http://www.uu.is)







Séra Sveinn og Dómkirkjuturninn.

# Séra Sveinn Valgeirsson í Dómkirkjuna

Séra Sveinn Valgeirsson tók í septemberbyrjun við embætti prests við Dómkirkjuna í Reykjavík. Sveinn hefur verið prestur á Eyrarbakka frá árinu 2008. Áður var hann sóknarprestur vestur á fjörðum í tæp 13 ár, þjónaði þá Barðaströnd, Bíldudal og Tálknafirði og sat á síðastnefnda staðnum.

Sveinn varð þjóðkunnur árið 2002 þegar hann bar sigur úr

býtum í spurningaeinvíginu Viltu vinna milljón, frægum sjónvarpsþáttum á Stöð 2. Hann er heldur ekki alveg ókunnugur Dómkirkjunni því veturinn 2012 til 2013 þjónaði hann í afleysingum við kirkjuna. Hann segir að Dómkirkjan sé í senn sóknarkirkja fólksins í 101, hún hafi ákveðið hlutverk sem miðborgarkirkja og sé hún svo kirkja biskups Íslands.

[Vesturbæjarblaðið](#) [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

# Fegrunarviðurkenning á Grandagarð

Grandagarður 20 er eitt þeirra húsa sem hlaut fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar á liðnu sumri. Hið fjórlyfta síldarverksmiðjuhús Faxa sf. var áberandi kennileiti við Reykjavíkurhöfn á sínum tíma og er það í raun enn. Húsið var byggt um miðja síðust öld sem sérhæft verksmiðjuhús og er gott dæmi um iðnaðararkitektúr frá 5. og 6. áratug 20. aldar. Húsið er fjórlyft með mjórri þakhæð eftir miðjuási, byggt úr járn-bentri steinsteypu og slétthúðað að utan. Í því voru upphaflega vélasalir á öllum hæðum auk efnarannsóknarstofu á 1. hæð og geymslurýmis á þakhæð.

Nú hafa verið gerðar gagngerar endurbætur á húsinu, þar sem gluggar hafa m.a. verið færðir í upphaflegt horf, nýtur húsið sín mun betur í umhverfi sínu og hefur öðlast aftur þann sess sem það hafði áður sem sýnilegur og mikilvægur hluti af umgjörð hafnarinnar. Einnig hafa verið gerðar endurbætur á ketilhúsi í suðvesturhorni lóðarinnar og ýmsar aðrar umhverfisbætur á lóðinni. Hönnuðir endurbóta eru ASK arkitektar. ÍAV önnuðust verkið. Framtak eigenda hússins er einkar lofsvert og mikilvægt fordæmi fyrir eigendur eldra iðnaðarhúsnæðis sem hefur



Grandagarður 20 eftir breytingar. Eins og sjá má er húsið hið glæsilegasta.

gildi fyrir byggingarlistasögu og atvinnusögu Reykjavíkur.

Verksmiðjan var hin fyrsta hér á landi þar sem beitt var þurr-vinnslu sem var ný síldarvinnslu-aðferð á þessum tíma og átti að koma í veg fyrir allan óþrífnað og óþef. Miklar byggingar voru reistar undir starfsemi hennar en auk fjórlyfta verksmiðjuhússins var byggt gríðarstórt þurrsíldarhús á lóðinni sem brann árið 1964, ketilhús sem enn stendur í suðvesturhorni lóðarinnar og dæluhús,

auk síldarþróa og lýsis- og olíugeyma. Seinna bættust við fleiri hús og mjóltankar á lóðinni. Í dag eru hús verksmiðjunnar í eigu HB Granda. Hluti þeirra mannvirkja sem stóðu á lóðinni hefur nú verið fjarlægður, m.a. tíu mjóltankar sem reistir voru á árunum 1976 til 1980. Mjög miklar breytingar hafa átt sér stað á þessum slóðum að undanförunum einkum í formi endurnýjunar eldri húsa og nýrrar starfsemi.



# Seiðandi haust



**MANDUKA**  
jógadýnur, handklæði og annað af ALLRA bestu gæðum!

**NÝ SENDING!**



**PRANCING LEOPARD**  
Ómótstæðilegur lífrænn og sanngirnissvottaður 360° fatnaður.

**FRAMTÍÐIN ER NÚNA**



**PACIFICA**  
nærandi roll-on náttúruilmvötn. 10 tegundir.

**VÖNDUÐ, ÁN EITURS OG ALVEG VEGAN!**



## VIRIDIAN

vegan vítamín.  
Án auka- og fylliefna.  
Nýtt gæðaviðmið!

## 20% AFSLÁTTUR TIL 11. OKTÓBER.

**SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI**  
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.  
[www.facebook.com/Systrasamlagið](http://www.facebook.com/Systrasamlagið)  
Sími: 5116367

**NÝR AFGREIÐSLUTÍMI Í OKTÓBER:**  
Virkir dagar 8 - 18  
Laugardagar 10 - 16



# GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í NEW YORK

Verð frá **33.200\*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



## Njóttu hvernar mínútu

Þú þarft ekki að æða upp Empire State. Eða rjúka í gegnum Central Park og missa af öllu á hraðferðinni. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Rölta frekar en að taka leigubíl. Kíkja fyrir hornið. Skrifa ferðadagbók og taka þúsundir ljósmynda. Horfa upp og hlusta. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lífa.

+ Bókaðu núna á [icelandair.is](https://icelandair.is)

    Vertu með okkur

ICELANDAIR



\* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.





# Ber er hver og Steingrímur í Vesturbæjarlaug

Hin einstaka pottamenning íslenskra sundlaugargesta verður tekin einu skrefi lengra miðvikudaginn 1. október næstkomandi. Þá mun Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, standa fyrir Heita bíópottinum.

Af því tilefni verða sýndar þrjár íslenskar stuttmyndir og munu leikstjórar myndanna að auki mæta í pottinn og ræða kvikmyndalistina. Leikstjórnarnir eru skemmtikrafturinn Ari Eldjárn, sem sýnir stuttmynd sína, Ber er hver. Með honum verða Haukur Viðar Alfreðsson, fjölmiðlamaður, en hann sýnir útskriftarmynd sína úr kvikmyndaskóla Íslands sem heitir Steingrímur. Þá munu þau Sigríður Soffía og Marínó Thorlacius sýna dansstuttmyndina Requi-em. Borgarbúar kannast kannski helst við Sigríði í gegnum flugeldasýninguna á Menningarnótt sem hún hannaði eins og dansverk.

Þá verða einnig sýndar mínútu-langar stuttmyndir út stuttmyndakeppni RIFF. Þema myndanna er djúplár. Myndaserían varð til í tengslum við Einnar mínútu myndakeppni RIFF, í samvinnu

við The One Minutes og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.

Þetta er í fyrsta skiptið sem RIFF stendur fyrir Heita bíópottinum en áður hefur hátíðin staðið fyrir líflegu sundbíói sem vakti mikla athygli bæði hér heima sem og utan landsteinanna.

Kvikmyndahátíð RIFF hefst 25. september næstkomandi og stendur til 5. október. Yfir hundrað kvikmyndir verða sýndar á hátíðinni, Meðal annars verður opnunarmynd RIFF, Land fyrir stafni (e. Land Ho!) sýnd í Háskólabíói. Þá stendur hátíðin fyrir metnaðarfullu málþingi undir yfirskriftinni „Stríð og friður“ sem verður haldið í Norræna húsinu. Meðal gesta á málþinginu verða rannsóknarblaðamaðurinn John Pilger, palestínska kvikmyndagerðarkonan Suha Arraf og svo Guy Davídi, sem var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir kvikmynd sína, Five broken cameras.

Hægt er að nálgast miða á hátíðina og upplýsingar um viðburði á heimasíðu kvikmyndahátíðarinnar, riff.is.

# Reykjavíkúrákademían verður að fara úr JL-húsinu

Reykjavíkúrákademían sem hefur haft aðsetur á tveimur efstu hæðum JL-hússins svo nefnda vestast við Hringbrautina í fjölda ári verður að hverfa þaðan á braut. Eigendur húsnaðisins JL-Holding hafa sótt um leyfi til að breyta tveimur efstu hæðum hússins – hæðum 4. og 5. eða þeim hluta þess þar sem akademían hefur aðsetur í gistiheimili.

Þetta kemur fram í fundargerð skipulagsstjóra frá 15. ágúst sl. þar sem fjallað var um umsókn JL-Holding um að breyta nefndum hæðum í gistiheimili í flokki tvö með að hámarki 201 gistirými í 51 herbergi. Í fundargerðinni kemur einnig fram að aðrir eigendur JL hússins hafi gefið samþykki fyrir framkvæmdunum. Umsókninni hefur verið vísað áfram til umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. Leigusamningur Reykjavíkúrákademíunnar rennur út í lok október með uppsagnafresti og verður ekki endurnýjaður. Davíð Ólafsson stjórnarformaður Reykjavíkúrákademíunnar segir enn ekki búið að finna framtíðarhúsnæði þótt nokkuð hafi verið athugað og einhverjir kostir í boði sem vega þurfi og meta. Erfitt sé að flytja þá starfsemi sem er í akademíunni langt. Margir sem hafa aðstöðu þar starfi í tengslum við Háskóla Íslands og því hafi mörkin verið sett við Vesturbæinn en þó með svæðið allt inn að Borgartúni og



Reykjavíkúrákademían hefur verið í JL-húsinu við Hringbraut í 17 ár en verður nú að hverfa þaðan.

upp að Kringlu til vara. Reykjavíkúrákademían hefur verið í 17 í JL húsinu en um 50 manns hafa starfsaðstöðu á vegum hennar og flestir fáiast við rannsókn- og fræðastörf.

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is)





Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hinrik Valsson

### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



## Matur og vín:

# RÉTTUR MÁNAÐARINS

## Lambakótilettur með kryddsmjöri

1,5 – 2 kg lambakótilettur (4-5 stk á mann)

**Kryddblanda**  
2 msk salt  
2 tsf sykur  
½ tsf paprika  
¼ tsf turmerik  
¼ tsf laukduft  
¼ tsf hvítlauksduft

Kótilettunum er velt upp úr kryddblöndunni og grillaðar í 3-4 mín á hvorri hlið, lengur ef vill.

**Kryddsmjör**  
250 g mjúkt smjör  
1 dl BBQ-sósa  
1 msk graslaukur, smátt saxaður  
½ rautt chilli, fræhreinsað og smátt saxað  
1 tsf maple sýróp

Gott er að blanda smjörið með töfrasprotu og geyma í kæli þar til það er notað. Gott er að nota t.d. ostaskera til að fá þunnar sneiðar af kryddsmjöri og leggja yfir kótiletturnar um leið og þær eru teknar af grillinu. Borið fram með frönskum kartöflum eða bakaðri kartöflu,fersku salati og grilluðum máis.



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

**Masi Modello rauðvín – 75 cl – 1.890 kr – Ítalía / Veneto**  
Kirsuberjarautt. Lítt meðalfylling, ósætt, fersk sýra, mild tannín. Rauð ber, lyngtónar, vanilla.

**Masi Modello hvítvín – 75 cl – 1.890 kr – Ítalía / Veneto**  
Fólgrænt. Lítt fylling, þurr, mild sýra. Ljós ávöxtur, epli, melóna.

## Réttur mánaðarins

Rétt mánaðarins leggur til Þorvaldur Egilsson sem hefur langa og góða reynslu í eldamennsku þar sem hann hefur annast matreiðslu meðal annars á Hótel Gíg, KEA Akureyri auk þess sem hann starfrækti Hreðavatnsskálann í ein 8 ár þar sem margir rétta hans nutu mikilla vinsælda.



# Frístundastarf TÍU12 er hafið

Í vetur verður fjölbreytt og skemmtileg frístundastarfssemi fyrir hressa krakka á aldrinum 10-12 ára í Frostaskjóli. Starfið er opið öllum þeim sem vilja taka þátt og er þátttaka gjaldfrjáls nema á einstaka stærri viðburði og þá er gjaldi haldið í lágmarki. Þátttaka í starfinu krefst ekki skráningar heldur getur hver og einn komið og farið eftir hentisemi. Fyrir hvern mánuð er ákveðin dagskrá höfð til hliðsjónar.

Mikil áhersla er lögð á að krakkarnir hafi áhrif á alla starfsemi. Allar hugmyndir eru því velkomnar og reynt er að verða við þeim eftir fremsta megni. Til að tryggja lýðræði er starfrækt svokallað Miðstigsráð. Miðstigsráð er ráð sem kemur að dagskrágerð en ráðið sér einnig um að skipuleggja böll og aðra viðburði. Hver sem vill getur tekið þátt í ráðinu það þarf bara að óska eftir því við starfsfólk Frostaskjól á opnunartíma.

Starfsemin var sett af stað með



Myndin er frá Haustballi Tíu12 þar sem var dansað, farið í leiki og boðið upp á krap.



Kátir krakkar eftir Kapphlaupið mikla, ratleik um Vesturbæinn.

opnunarpartýi, miðvikudaginn 3. september. Þar var boðið upp á popp og sódavatn, spiluð tónlist og ungmennunum gafst tækifæri til að skoða og prófa þá afþreyingu sem er í boði. Haustball Tíu12 fór síðan fram með pomp og prakt 11. september síðastliðin og tókst það gríðarleg vel.

## Opin hús á miðviku- og fimmtudagskvöldum

Framvegis verður opið á miðvikudögum og fimmtudögum frá 14:30 til 16:30. Á þessum tímum eru svokölluð „opin hús“ en á þeim er ýmislegt gert. Má þar nefna kósýkvöld og borðtenniskeppnir, í raun allt það sem að húsrúm og hugurinn girnist. Sem dæmi þá var farið í Kaupphlaupið mikla afar skemmtilegan ratleik á dögnum þar sem börnin fengu ýmsar þrautir um hverfið sem þau þurftu að leysa. Ef að dagskráin höfðar ekki til manns þá er alltaf hægt að finna eitthvað annað skemmtilegt

að gera. Starfsfólk Tíu 12 hvetur alla til að mæta og kynnast starfseminni. Frekari upplýsingar um starfið, dagskrá og myndir frá viðburðum má finna á facebooksíðu Frostaskjól, <https://www.facebook.com/Frostaskjol?ref=bookmarks> og á heimasíðu Frostaskjól [www.frostaskjol.is](http://www.frostaskjol.is)

## Fjölskyldunámskeið í Frostaskjóli

Í haust mun frístundamiðstöðin Frostaskjól standa fyrir námskeiðum fyrir fjölskyldur í Vesturbæ. Markmiðið með námskeiðunum er að efla samveru foreldra og barna og bjóða þeim upp á tækifæri til að eyða frítíma sínum saman. Kostnaði er haldið í lágmarki og boðið upp á fjölbreytt námskeið svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á námskeiðshaldara en gjöld greidd á námskeiðsdag.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna inn á [www.frostaskjol.is](http://www.frostaskjol.is)

### LARP: SVERÐAGERÐ

Á námskeiðinu lærir fjölskyldan saman að búa til vopn sem ætluð eru fyrir LARP. Aldurstakmark er 8. ára og þá er gerð krafa um að foreldrar skrái sig á námskeið með barni sínu.

**Tími og staður:** 11. okt og 12. okt frá 12:00-17:00  
Frostaskjól 2, 2.hæð.

**Verð:** 2500 kr

**Skráning:** skráning með tölvupósti fyrir 9. október.

- Nafn skráningaraðila og símanúmer

- Fjöldi barna (aldur) og fjöldi fullorðinna.

[gudrun.asta.bergsteinsdottir@reykjavik.is](mailto:gudrun.asta.bergsteinsdottir@reykjavik.is)

### KÖKUSLEIKJÓNÁMSKEIÐ

Á námskeiðinu lærir fjölskyldan að búa til kökusleikjó frá grunni. Hráefni, skaut og áhöld eru innifalín í námskeiðsgjaldi.

**Tími og staður:** 15. nóvember 13:00-16:00  
Frostaskjól 2, 2.hæð.

**Verð:** 1500 kr, frítt fyrir börn 10. ára og yngri

**Skráning:** skráning með tölvupósti fyrir 14. nóvember.

- Nafn skráningaraðila og símanúmer

- Fjöldi barna (aldur) og fjöldi fullorðinna.

[svanhildur.helgadottir@reykjavik.is](mailto:svanhildur.helgadottir@reykjavik.is)

### GÓÐ HEILSA, SKEMMTILEGUR LÍFSTÍLL

Á námskeiðinu fræðast fjölskyldur um hvernig þær geta tamið sér heilsu-samlegan lífstíl. Nálgunin gengur ekki út á boð og bönn heldur frekar hvernig við getum breytt núverandi lífsvenjum. Um námskeiðið sér Margrét Leifsdóttir heilsu- og lífsstílsráðgjafi.

**Tími og staður:** 23. október 17:30-18:30  
Frostaskjól 2, 2.hæð.

**Verð:** 1500 kr, frítt fyrir börn 15 ára og yngri

**Skráning:** skráning með tölvupósti fyrir 22. október

- Nafn skráningaraðila og símanúmer

- Fjöldi barna (aldur) og fjöldi fullorðinna.

[mleifsdottir@gmail.com](mailto:mleifsdottir@gmail.com)

### GÖNGUM GRÆN SKREF SAMAN

Markmið námskeiðsins er að hjálpa foreldrum og börnum að vinna saman að því að fara betur með umhverfið. Fræðslunni er miðlað í gegnum umræður og leiki. Föndrað verður með gamlar umbúðir.

**Tími og staður:** 1. nóvember 14:00-16:00  
Frostaskjól 2, 2.hæð.

**Verð:** 1500 kr, frítt fyrir börn 10. ára og yngri

**Skráning:** skráning með tölvupósti fyrir 31. október

- Nafn skráningaraðila og símanúmer

- Fjöldi barna (aldur) og fjöldi fullorðinna.

[liljabjargey@gmail.com](mailto:liljabjargey@gmail.com)

### LJÚFFENGIR OG HOLLIR ÞEYTINGAR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Á námskeiðinu lærir fjölskyldan að útbúa girnilega en holla þeytinga í öllum regnbogans litum. Hráefni í þeytingana verða á staðnum og er það innifalið í námskeiðsgjaldi. Fólk þarf að koma með sinn eigin blandara.

**Tími og staður:** 25. október 10:00-12:00  
Frostaskjól 2, 2.hæð.

**Verð:** 2000 kr, frítt fyrir börn 15 ára og yngri

**Skráning:** skráning með tölvupósti fyrir 23. október

- Nafn skráningaraðila og símanúmer

- Fjöldi barna (aldur) og fjöldi fullorðinna.

[mleifsdottir@gmail.com](mailto:mleifsdottir@gmail.com)

### SKÖPUNARFLÆÐI 101

Á námskeiðinu fá þátttakendur tækifæri til að kynnast hugtakinu sköpunar-flæði og fólk kennt að finna það innra með sjálfu sér. Námskeiðið er byggt upp á kynningu, hugleiðslu og verklegum verkefnum.

**Tími og staður:** 11. okt 13:00-15:00 og 18. okt 13:00-15:00  
Frostaskjól 2, 2.hæð.

**Verð:** 1500 kr, frítt fyrir börn 10 ára og yngri

**Skráning:** skráning með tölvupósti fyrir 9. október

- Nafn skráningaraðila og símanúmer

- Fjöldi barna (aldur) og fjöldi fullorðinna.

[david13@lhi.is](mailto:david13@lhi.is)

Frostaskjól frístundamiðstöð - Frostaskjól 2 - 107 Reykjavík - Sími: 411 5700 - [frostaskjol@itr.is](mailto:frostaskjol@itr.is)

Reykjavík International Film Festival

ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK KYNIR:

# RIFF SNÝR AFTUR!

25. SEPT – 5. OKT

MUNDU EFTIR APPINU!

ÓMISSANDI!  
ÓLÝSANLEG!  
ÓTRÚLEG!

ALLAR UPPLÝSINGAR Á RIFF.IS





## Bragðaðu á Baskalandi

Sérstök Baskavika verður á Tapasbarnum dagana 23. til 30. september. Baskaland er spænskt sjálfstjórnarhérað á Norðvestur-Spáni og er matargerð mikilvægur hluti af menningu íbúa þar og er undir sterkum áhrifum frá öllu því frábæra hráefni sem er allt í kring. Höfuðborg héraðsins er Bilbao sem er alveg upp við landamæri Frakklands og Spánar. Baskar hafa sinn eigin sérstæða stíl og þegar kemur að matargerð hafa þeir oft verið taldir með bestu matreiðslumönnum Spánar. Í tilefni Baskaviku ætlar Tapas barinn að fá í heimsókn gesta- kokkinn Sergio Rodriguez Fernandez og hefur hann sett saman sérstakan sex rétta sælkeraseðil um Baskaland. Sergio er frá Bilbao og hefur m.a. starfað á Guggenheim safninu með Martin Berasategui, einum besta matreiðslumanni Spánar. Hann starf-

aði einnig bæði í Barcelona og Reykjavík og hefur ferðast mikið m.a. til Japans til að kynna sér japanska matargerð. Hann hefur sérstakan áhuga þróun matar-menningu í heiminum og vinnur mikið með heilnæm hráefni.

### Forréttir, aðalréttur og eftirréttur

Sælkeræferðin hefst með glasi af Codorníu Cava, fimm spennandi tapas réttir fylgja svo í kjölfarið og að lokum eftirréttur. Sem stendur saman af Serrano (hráskinku) með Fava bauna salati, kolkrabba með kartöflumús og lime-pistasíu vinaigrette. Þá koma gellur og kræklinur í Basque sósu með sveppum og steiktum kartöflum, saltfiskur með piquillo papriku alioli og að lokum hægelduð nautakinn með rauðvinsgljáa. Í eftirrétt er svo geitaostakaka með quince hlaupi og karmellusósu.

# Fegrunarviðurkenningar afhentar

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, afhenti nýlega fegrunarviðurkenningar Reykjavíkur-borgar við hátíðlega athöfn í Höfða. Veitt voru verðlaun fyrir fegurstu lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja, fallegrar útiaðstöðu við sumargötur og endurbóta á eldri húsum í Reykjavík árið 2014.

Fegrunarviðurkenningar 2014 fyrir fegurstu lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja hlutu Sæmundagata 14 til 20 fyrir nýlega framkvæmda stílhreina, aðlaðandi og vel hannaða lóð. Dunhagi 11 til 17, fjölbýlishúsalóð fyrir snyrtilega og gróna fjölbýlishúsalóð. Garðurinn er fallegur, vel hirtur og gróskumikill. Leik- og dvalarsvæðið á lóð er snyrtilegt og barnvænt. Verslunin Vísir Laugavegur 1 hlaut viðurkenningu fyrir einstaklega vel hirt borgarland fyrir framan verslun. Verslunin hefur tekið virkan þátt í sumargötum með því að staðsetja útiborð, stóla og fin sumarblóm framan við hana. Aðkoma er snyrtileg og falleg. Gullsmiðja og Listmuna-hús Ófeigs og Skólavörðustígur 5 hlaut viðurkenningu fyrir snyrtilega aðkomu og skemmtilega tilraun til að fegra umhverfið. Fegrunarverðlaun fyrir hús hlutu Lækjargata 8, Grundarstígur 10 og Grandagarður 20. Húsin eru reist á árunum 1870, 1915 og 1950 og spannar aldur þeirra því breitt bil í byggingarsögu borgarinnar. Öll hafa húsin nýlega verið end-



Verðlaunahafar ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Hjálmarí Sveinssyni formanni skipulagsráðs að lokinni afhendingarathöfn í Höfða.

urnýjuð og eru hvert um sig mjög góður vitnisburður um húsagerð og byggingarlist síns tíma. Þau

hafa því mikið varðveislugildi sem hluti af menningar- og byggingarlistasögu Reykjavíkur.

**Vesturbæjarblaðið**

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**511 1188**



# Vort góða brauð í 180 ár 1834-2014

Bernhöftsbakari er handverksbakari og Konditori og þar starfa eingöngu fagmenn við baksturinn. Aðeins besta hráefnið er nógu gott. Góð brauð – góð heilsa.



**BERNHÖFTSBAKARÍ**  
KONDITORI



# Eldhús Hagaskóla of lítið

Nemendum Hagaskóla sem borða í skólanum hefur fjölgað úr 200 í rúmlega 500 á undanförunum árum og er nú svo komið að það annar ekki lengur eftirspurn eftir mat.

Eldhúsið er byggt til að anna 200 til 300 manns og hafa þrengslin orðið til þess að draga hefur þurft úr fjölbreytni á matseðli. Var forráðamönnum nemenda sent bréf á dögunum þar sem þessi ákvörðun var kynnt. Skóla-yfirvöld hafa ítrekað bent á þennan vanda en viðbrögð Reykjavíkurborgar hafa látið á sér standa.



Færri réttir eru nú í boði á hádegisborði vegna þrengsla í eldhúsi.

## Lokað vegna flutninga!

**Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi verður lokað vegna flutninga og endurbóta fimmtudaginn 25. og föstudaginn 26. september.**

**Opnað verður á Landakoti mánudaginn 29. september.**

Ef erindi má ekki bíða þá hafið samband við aðrar heilsugæslustöðvar, læknavaktina eftir kl. 17 og í síma 112 í neyðartilfellum.

## Olíumálverk til sölu

*eftir hinn þekhta listmálara Einar G. Baldvinsson*



Sjómenn við Ægisíðu. Stærð 99x84 cm.



Sjómenn við Ægisgarð. Stærð 99x84 cm.

Upplýsingar í síma 893 6645.

## Flottar veislur



Veislan býður uppá ýmis hlaðborð, 2 til 6 rétta seðla og margt fleira. Fyrsta flokks hráefni úr eldhúsi Veislunnar.



Terta með brúðarmassa úr handverksbakarí Veislunnar, bjóðum uppá fjölbreytt úrval af tertum, kökum og brauðmeti.



Smáréttahlaðborð. Mikið úrval af tapas-réttum og canapés sem eru vinsæl í afmæli, móttökur og party.




Smurbrauðsdeild Veislunnar töfrar fram fallegar kaffi-snittur, skreyttar brauðsneiðar og brauðtertur, vinsælt fyrir fundi, afmæli og erfidrykkjur.

- Veislumatur
- Kökugerð
- Smurbrauð

Veislan er alhliða veisluþjónusta, býður upp á fyrsta flokks mat, veislusal, borðbúnað og heildarlausn í veisluna þína ásamt persónulegri þjónustu.

**VEISLAN**



**VEITINGAELDHÚS**  
www.veislan.is  
26 ára reynsla

## Vitretext hágæða útimálning fyrir íslenskar aðstæður



**Slippfélagið**  
Málningarvörur

**Opnunartími:**  
Virka daga: 08.00 – 18.00  
Laugardaga: 10.00 – 14.00

Borgartúni 22 Rvk. - Dugguvogi 4 Rvk. - Dalshrauni 11 Hfj. - Furuvöllum 7 Ak. - slippfelagid.is



# Fólk í annarlegu ástandi angrar eldri borgara

Íbúi í húsnæði fyrir eldri borgara við Vesturgötu 7 hafði samband við blaðið og lét í ljósi áhyggjur vegna ungmenna og fleira fólks sem hefst jafnan við í bílastæðahúsi húsnæðisins. Hann sagði þetta fólk neyta fíkniefna og erfitt væri að segja til um ástand þess og hvort það kunni að verða öðrum hættulegt eða ekki.

Hann sagði að þetta fólk hafi hrellt íbúa hússins margsinnis og skilið eftir sig skemmdir og eyðileggingu. Oftast væri um yngra fólk að ræða. Ungmenninn væri algengust og stundum allt niður í börn. Hann sagði fólk væri hrætt. Ekki væru einvörðungu um eignaspjöll að ræða heldur gæti fólk í annarlegu ástandi verið stórhættulegt og tíma-spursmál hvenær það myndi valda skaða á fólki fari svo fram sem horfði. Í húsnæðinu við Vesturgötu 7 er auk íbúða fyrir eldri borgara starfrækt félagsmiðstöð og heilsugæsla er þar einnig til húsa.

## SALON REYKJAVÍK

PREYTT Á AÐ EYÐA OF MIKLUM TÍMA Í AÐ REYNA AÐ TEMJA HÁRIÐ? VILT ÞÚ SLÉTT, GLANSANDI OG "FRIZZ" LAUST HÁR.

SALON REYKJAVÍK BYÐUR UPP Á NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEDFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR. PANTAÐU TÍMA Í FRÍÁ RÁÐGJÓF OG LEYFÐU OKKUR SÝNA ÞÉR HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG OG ÞITT HÁR.

VERTU VELKOMINN

SALON REYKJAVÍK  
GRANDAGARÐUR 5  
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 568 5305

OPNUNARTÍMAR  
VIRKA DAGA: 8 - 18  
LAUGARDAGA: 9 - 13



# Ungmennahúsið Jökla í opnaði með pomp og prakt

Ungmennahúsið Jökla í Frostaskóli opnaði aftur eftir sumarfrí með pomp og prakt fimmtudaginn 28. ágúst. Opnun-arkvöldið var fræðslukvöld sem tvíeykið Skyldurækin sáu um en þau störfuðu á vegum Hins Hússins síðastliðið sumar.

Markmiðið með fræðslunni var að gera ungt fólk meðvitað um réttindi sín og skyldur á vinnu-markaði. Þar var meðal annars fjallað um launaseðilinn, ráðningasamninga, stéttarfélög, persónuafslátt og margt, margt fleira. Þótti fræðslan takast virkilega vel og voru öll ungmennin orðin sérfræðingar í réttindum sínum í lok kvölds.

Ungmennahúsið Jökla er vettvangur fyrir einstaklinga á aldrinum 16 til 18 ára til að stunda félagslíf. Jökla er hugsað sem viðbót við félagslíf framhaldsskólanna þar sem ungmenni geta notið samveru í vímuefnalausumhverfi í góðum félagsskap. Öllum er velkomið að koma og nýta sér aðstöðuna til frístunda og eins eru allir hvattir til þess að nýta sér fræðslukvöldin sem að Jökla stendur fyrir. Jökla er opið öll fimmtudagskvöld frá 20 til 23 og verður boðið upp á ýmis konar viðburði. Ungmennaráð Vesturbæjar er starfrækt í frosta-skjóli fyrir þá sem hafa áhuga á



Skyldurækin. Frá fræðslukvöldi Jöklu.

Því að hafa eitthvað um hverfið sitt að segja, taka þátt í spennandi styrktarverkefnum og fleira, en ungmennaráðið er fyrir einstaklinga á aldrinum 13 til 18 ára.

# Er kominn tími til að gera eitthvað?

Námskeið sem opna þér nýjar leiðir



Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. **Auk námskeiða býður Hringsjá líka fullt nám í 3 annir.**

Um er að ræða eftirfarandi námskeið:

|                                     |                                                                                                                           |                                                |                                                                                             |
|-------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Fjölskyldan og ég</b>            | Með aukinni þekkingu tileinka þáttakendur sér leiðir til að verða betri fjölskyldumeðlimir, makar og uppalendur.          | <b>Í fókus - Að ná fram því besta með ADHD</b> | Eykur skilning á ADHD (athyglisbresti/ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tökum á ADHD |
| <b>Minnistækni</b>                  | Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða.              | <b>Sjálfstyrking</b>                           | Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öðrum örugga framkomu og almennt að vera til!           |
| <b>TÁT - Tök á tilverunni</b>       | Þjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma.                                          | <b>Tölvugrunnur</b>                            | Tölvunotkun fyrir byrjendur. Unnið á eigin hraða með aðstoð.                                |
| <b>ÚFF - Úr frestun í framkvæmd</b> | Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu. |                                                |                                                                                             |



Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510 9380 eða á [hringsja.is](http://hringsja.is)

Geymið auglýsinguna

**Falleg golf ehf.**

**Parket**

Sérgrein mín í 30 ár

Parketlögn - parketslípun og viðgerðir

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.

Förum hvert á land sem er.

Skoðum og metum og margt fleira.

Leitið betri tilboða - Vertu í góðum málum

**3M** **ÞEGAR GÆÐIN SKIPTA MÁLI** **3M**

Falleg gólf ehf. • golfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107





HAMBORGARA  
**Bullan**

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**



# KR sigraði í 1. deild

KR vann þrótt 2-1 í úrslitaleik 1. deildar kvenna nýverið. Margrét María Hólmarsdóttir skoraði bæði mörk KR. Bæði lið tryggðu sér sæti í Pepsi-deildinni á næsta ári með sigrum í undanúrslitum. Stóra markmiðið liðanna var því í höfn en það var titill í húfi í þessum leik.

Þróttur komst yfir eftir rúmter korter. Anna Birna Þorvarðardóttir komst ein í gegn vörn KR og kláraði færið mjög vel. Fimm mínútur síðar jafnaði Margrét með mögnuðu marki. Hún skaut af um 25 metra færi í slá og inn. Snemma í einni hálfleik skoraði Margrét aftur, nú eftir undirbúning Láru. Margrét sendi boltann af vítateigslínunni og upp í markhornið vinstra megin. Þannig lauk góðu tímabili hjá stelpunum. Stóra markmiðið var sæti í Pepsi-deildinni en þær sigruðu



Líka í 1. deildinni, C-deild Lengjubikarsins, komust í undanúrslit á Reykjavíkurmótinu og átta liða úrslit í Borgunarbikarnum.

## Þorleifur Jón Reykjavíkurmeistari

Þorleifur Jón Hreiðarsson varð um síðustu helgi Reykjavíkurmeistari í keilu er hann sigraði Arnar Sæbergsson í úrslitaleik.



Á myndinni frá vinstri. Arnar Sæbergsson ÍR, Þorleifur Jón Hreiðarsson KR og Freyr Bragason KFR.

KR-SÍÐAN



3. fl. karla:

## KR Íslandsmeistari



Þriðji flokkur karla KR varð Íslandsmeistari þegar félagið vann Fjölni 4-0 í úrslitaleik íslandsmóts flokkssins á aðalvelli KR í liðna helgi. Guðmundur Andri Tryggvason, Atli Hrafn Andrasen, Denis Hoda og Axel Sigurðarson skoruðu mörk KR í leiknum.

Í leiknum mættust tvö bestu lið 3. flokks; sem léku hraðan fót-bolta. Leikurinn var eins ójafn og tölurnar gefa til kynna en KR-ingar sköpuðu sér mun fleiri færi og nýttu þau vel.

Guðmundur Andri Tryggvason skoraði eina mark fyrri hálfleiks með skalla úr þröngu færi. Hann fékk sendingu frá vinstri, inn að nærstöng, skaut framfyrir varnarmann skallaði boltann niður í markhornið nær.

KR-ingar gerðu út um leikinn á fyrsta korteri seinni hálfleiks. Fyrst skoraði Atli Hrafn Andrasen

eftir frábæra sendingu Ástbjörns Þórðarsonar í gegnum Fjölnis-vörnina. Denis Hoda skoraði þriðja markið eftir hornspyrnu Bjarka Leóssonar. Boltinn sveif yfir turnana í miðjum vítateignum og Denis skoraði af stuttu færi. Hornspyrnan sem gaf þriðja markið fékkst eftir fínan einleik Atla inn í vítateiginn hægra megin en markvörður Fjölnis varði skot hans með flottum tilþrifum. Axel Sigurðarson setti síðasta markið. Aftur átti Ástbjörn Þórðarson stoðsendinguna – það virtist raunar sem Andri hafi náð að stýra boltanum áfram. Það skiptir ekki öllu, boltinn datt inn í hlaupalínu Axels sem kláraði færið af mestu yfirvegum.

Þjálfarar meistaranna eru Páll Árnason og Andri Freyr Hafsteinsson.

KR varð Íslandsmeistari í 3. flokki í 16. sinn og í fyrsta sinn síðan 2004.

## KR Íslandsmeistari 4. flokks B-liða



KR varð á dögunum Íslandsmeistari 4. flokks B-liða eftir sigur á Breiðabliki 2-0.

Leikið var á aðalvelli KR og fengu KR-ingar afhentan Íslandsbikarinn í leiklok. Áður hafði KR unnið Víking 5-1 og Fjölni 4-1 í úrslitakeppninni. Þetta er þriðja árið í röð sem KR verður Íslandsmeistari í 4. flokki B.



GETRAUNANÚMER  
KR ER 107

Foreldrar  
verum samtaka



## Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur  
um forvarnir



Ríkislögreglustjórnirinn



ALLT FYRIR GÆLUDÝRIN  
Í BYKO GRANDA!



Vnr. 42373861  
Hundabúr, svart járn,  
60x43x51 cm.

8.995 kr.

Vnr. 42373805  
Matarskál með skrauti.

1.295 kr.



Vnr. 42335163  
Hundabúr úr járni,  
hallandi, 78x48x56 cm.

9.990 kr.



Vnr. 42335269  
Ól 40-55 cm,  
20 mm.

995 kr.

VERÐVERND BYKO  
**LÆGRA  
VERÐ**

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 42373791  
Stálskál.

1.295 kr.



Vnr. 42335266  
Beisli, 35x50 cm.

1.295 kr.



Vnr. 42335263  
Bursti, tvískiptur.

1.695 kr.



Vnr. 42373788  
Leikfang.

395 kr.

Vnr. 42373329  
Áhaldasett, 4 stk.

1.595 kr.



Vnr. 42335267  
Taumur, 1 m, 20 mm.

1.395 kr.



ROYAL CANIN



**Josera.**

JOSERA hágæða fóður, hefur mjög hátt kjöthlutfall. Kjöttið er 100% rekjanlegt frá slátrahúsi og er hæft til manneldis. JOSERA notar ekki hveiti, soja, mjólkurvörur eða sykurl í sínar vörur og þær eru framleiddar án litar-, bragð- og rotvarnarefna.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabreytingar. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á [www.byko.is](http://www.byko.is).



[facebook.com/BYKO.is](https://facebook.com/BYKO.is)

www.verdis / VERT markaðssetja